

Kaup Styrkáss hf. á Stólpa Gámum ehf., Stólpa Smiðju ehf., Klettaskjól ehf., Stólpa ehf., Tjónþjónustunni ehf. og Alkuli ehf.

- Með bréfi, dags. 7. febrúar 2024, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Styrkáss hf. („Styrkás“) á Stólpa Gámum ehf. („Stólpi Gámar“), Stólpa Smiðju ehf. („Stólpi Smiðja“), Klettaskjól ehf. („Klettaskjól“), Stólpa ehf. („Stólpi“), Tjónþjónustunni ehf. („Tjónþjónustan“) og Alkuli ehf. („Alkul“).
- Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu samruna og viðauka við þær. Í kjölfar frekari samskipta barst Samkeppniseftirlitinu uppfærð samrunaskrá þann 18. febrúar 2024. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. fyrrgreindra reglna byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 19. febrúar 2024. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
- Samkeppniseftirlitið veitti hagsmunaaðilum færi á því að koma að umsögnum vegna samrunans og áhrifa hans á samkeppni. Birti Samkeppniseftirlitið frétt um samrunatilkynninguna á heimasíðu sinni þann 28. febrúar 2024, þar sem hagsmunaaðilar voru hvattir til að kynna sér samrunaskrána og veita umsögn um viðskiptin, en engar umsagnir eða athugasemdir bárust um áhrif samrunans.
- Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram varðandi starfsemi samrunaaðila:
 - Styrkás er eignarhaldsfélag í eigu Skeljar fjárfestingafélags hf. („Skel“) og Horns IV slhf. („Horn IV“). Styrkás fer með bein yfirráð yfir félögunum Skeljungur ehf. („Skeljungur“) og Klettur – sala og þjónusta ehf. („Klettur“) Samkeppniseftirlitið hefur m.a. fjallað um Styrkás og tengda aðila í ákvörðun nr. 36/2023, *Samruni Landsbréfa hf., Horns IV slhf., Skeljar fjárfestingafélags ehf. og Styrkáss ehf.*
 - Starfsemi Stólpa Gáma felst í sölu og útleigu á gámum, þ.e. geymslugámum, flutningagámum og frystigámum, og á húseiningum (gámahús).
 - Starfsemi Stólpa Smiðju felst í rekstri á járnsmiðju en gámaviðgerðir fyrir skipafélög hafa skipað stóran sess í starfsemi samstæðu Stólpa.
 - Starfsemi Klettaskjóls felst í útleigu á eininga- og gámahúsum.
 - Starfsemi Stólpa felst í alhliða viðgerðarþjónustu auk almennrar verktakastarfsemi á byggingarsviði.



- f) Starfsemi Tjónþjónustunnar felst í tjónþjónustu fyrir tryggingarfélag í tengslum við tjón á byggingum og öðrum mannvirkjum.
- g) Starfsemi Alkuls felst í viðhaldi og þjónustu á kæli- og frystibúnaði.
5. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að fyrirtækin starfi á ólíkum mörkuðum. Að mati samrunaaðila er Styrkás eignarhaldsfélag sem starfar fyrst og fremst á markaði fyrir fjárfestingarstarfsemi. Skeljungur starfi á markaði fyrir innflutning og sölu á smurolíu; markaði fyrir dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustupáttum til fyrirtækja og bænda. Þjónusta og sala til stórnotenda, útgerða, í flug og verktöku er einnig hluti af starfsemi Skeljungs, sbr. einnig fyrri umfjöllun Samkeppniseftirlitsins í ákvörðunum nr. 6/2023 og 36/2023. Þá starfi Klettur á mörkuðum fyrir innflutning og sölu vinnuvéla; innflutning og sölu bifreiða; sölu hjólbarða; rekstur hjólbarðaverkstæða og verkstæði fyrir bifreiðar, vinnuvélar og atvinnutæki, sbr. einnig umfjöllun í fyrrnefndum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins.
6. Stólpi Gámar starfi annars vegar á markaði fyrir sölu og útleigu á flutninga-, geymslu- og frystigámum og hins vegar markaði fyrir sölu og útleigu á húseiningargámum/gámahúsum. Einnig bjóði Stólpi Gámar viðskiptavinum sínum jafnframt að geyma gáma á geymslusvæði sínu. Þá starfi Stólpi Smiðja á markaði fyrir vélsmiðjuíðnað, Stólpi á markaði fyrir byggingariðnað, Klettaskjól á markaði fyrir útleigu á eininga- og gámahúsum, Tjónþjónustan á markaði fyrir byggingariðnað og Alkul á markaði fyrir þjónustu á kæli- og frystibúnaði.
7. Um samkeppnisleg áhrif samrunans vísa samrunaaðilar til þess að samrunaaðilar starfi á ótengdum mörkuðum. Verði því engin breyting á markaðshlutdeild samrunaaðila og samruninn leiði ekki til samþjöppunar. Muni samruninn því hvorki koma til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu né hafa önnur skaðleg áhrif á samkeppni.
8. Samkeppniseftirlitið getur tekið undir sjónarmið samrunaaðila að um samsteypusamruna fyrirtækja á ólíkum mörkuðum sé að ræða. Að mati Samkeppniseftirlitsins benda gögn málsins og upplýsingar frá samrunaaðilum ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samkeppni sé raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti svo íhlutunar sé þörf.
9. Í fyrrnefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, nr. 36/2023, fjallaði Samkeppniseftirlitið um kaup Horns IV á 29,54% hlutafjár í Styrkáss í kjölfar hlutafjárhækkunar. Líkt og fram kemur í ákvörðuninni er Styrkás undir sameiginlegum yferráðum Landsbréfa og Skeljar hf. Mun hið sama gilda um félög þau sem samruni þessi varðar. Reifaði eftirlitið í þeirri ákvörðun sátt Samkeppniseftirlitsins, Landsbankans hf. og Landsbréfa hf. dags 18. júlí 2023, sbr. ákvörðun nr. 25/2023, þar sem sammælt var um skilyrði sem ætlað er að koma í veg fyrir neikvæð samkeppnisleg áhrif sem geta hlotist af yferráðum Landsbréfa og sjóða þess á samkeppnismarkaði.
10. Tók Samkeppniseftirlitið jafnframt fram að með sáttinni og ákvörðun nr. 25/2023 liti eftirlitið svo á að komið væri í veg fyrir mögulegar samkeppnisraskanir sem annars kynnu að leiða af aðkomu samstæðu Landsbankans og Landsbréfa að samrunanum. Hið sama á við um almenna aðkomu Landsbréfa og Landsbankans að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði og jafnvel keppinautum. Í síðari málum kunna þó tiltekin tengsl eða samþjöppun á mörkuðum að koma til sjálfstæðrar skoðunar, t.a.m. ef sjóðir í rekstri Landsbréfa fjárfesta í keppinautum
11. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæða til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því rannsókn málsins á fyrsta fasa.



I. Ákvörðunarorð:

„Kaup Styrkáss hf. á Stólpa Gámum ehf., Stólpa Smiðju ehf., Klettaskjóli ehf., Stólpa ehf., Tjónþjónustunni ehf. og Alkuli ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson